
1980 nr. 79 23. desember

Lög um minnstu mynteiningu við álagningu og innheimtu opinberra gjalda

Tóku gildi 1. janúar 1981.

■ **1. gr.**

Allir skattar og opinber gjöld svo og greiðslur til opinberra aðila fyrir hvers konar leyfisbréf, skírteini, skráningar og vottorð, hvort sem þær eru innheimtar samkvæmt auka-

tekjulögum eða öðrum heimildum, skulu lögð á í heilum krónum þannig að lægri fjárhæð en 50 aura skal færa niður í næstu heila krónu en 50 aura eða hærri fjárhæð skal hækka upp í næstu heila krónu.

■ **2. gr.**

Innheimta á gjöldum skv. 1. gr. skal einnig fara fram í heilum krónum þannig að innheimtuaðila er óskyldt að taka við greiðslum í minni einingum en heilum krónum.

■ **3. gr.** . . .